

Athugun á laxa- og fiskilús 9. júlí '15

Feltbók 114 Suðursv. Vestfjarða. Eyðublöð frá Matvælastofnun.

Minnisblað ritar Eva Dögg Jóhannesdóttir

Fimmtudaginn 9. júlí var farið í athugun og talningu á laxa- og/ eða fiskilús á fiskum í kvíum Dýrfisks í Dýrafirði. Athugunin er liður í vottunarferli Dýrfisks hjá alþjóðlegu samtökunum ASC (Aquaculture Stewardship Council) sem veita vottun fyrir ábyrgt og sjálfbært fiskeldi.

Lagt var af stað frá höfninni á Þingeyri kl 8:10 á bátnum Kópanesi ÍS. Með í för var Bernharður Guðmundsson starfsmaður Dýrfisks. Starfsmenn Náttúrustofu voru Þórdís Arna Bjarkarsdóttir og Eva Dögg Jóhannesdóttir verkefnastjóri. Veður var með besta móti og vinnuaðstæður því góðar þó svo að kuldi var nokkuð meiri en venjast á í júlí.

Hafist var handa við kvíaþyrpingu út af Gemlufalli en þar eru fjórar kvíar en samkvæmt leiðbeiningum frá Matvælastofnun skal gera athugun á minnsta kosti 10 fiskum í helmingi kvía séu kvíar fleiri en 3 í þyrpingu (Drög Leiðbeiningar um lúsatalningu). Athugaðir voru 12 fiskar úr kví G1, 11 úr G2, 10 úr kví B og 11 úr kví HB3. Háfaðir voru ca helmingur þeirra fiska sem ath átti í hvert skipti og þeir settir í kar með sjó sem hafði verið blandaður með svefnlyfi (Finquel vet.). Þegar fiskarnir sýndu ekki viðbrögð, þegar gripið var um sporðinn, þá var hverjum fyrir sig lyft upp úr vatninu og leitað eftir lús á þeim. Eftir athugun fiska voru þeir settir í annað kar með hreinum sjó þar sem þeir fengu tíma til að vakna vel áður en þeim var skilað aftur út í kví. Niðurstöður athugana má finna í töflu 1 og 2.

Við Gemlufall var nokkuð mikið af marglittu og komu 3 í svefnkarið. Enga marglittu var að sjá við Haukadalsbót. Við allar kvíar var notað fóður til að lokka fiskana þegar þeir voru háfaðir nema við kví G1. Verið var að fóðra í kví G2.

Fiskar í kví HB3 höfðu aðeins verið í sjó í um hálfan mánuð en hún var ekki athuguð við síðustu talningu þess vegna. Sjóahitamælir var ekki til staðar í bátnum en sjávarhiti fékkst frá fóðurbát við kví G2 og er því ekki til sjávarhiti við Haukadalsbót (kví B og HB3) þegar athugun fór fram. Yfirleitt hefur þó verið aðeins heitara við Haukadalsbótina en Gemlufall og má því búast við að sjávarhitinn hafi verið örlítið hærri þar. Komið var í land um 11 leytið.

Eins og sjá má á töflunum hér fyrir neðan fundust engar lýs á fiskunum, hvorki laxalýs né fiskilýs.

Upplýsingar um fjölda fiska og meðalþyngd þeirra fékkst frá skipstjóra.



**NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA**

Tafla 1. Athugun á lús á fiskum við Gemlufall úr kvíum G1 og G2. Athugaðir voru 12 fiskar í kví G1 en 11 í G2.

Gemlufall											
Kví	G1	Þyngd			600 g	Kví	G2	Þyngd			1600 gr
Sjávarhiti	8,3	Fjöldi í kví			63.000	Sjávarhiti	8,3	Fjöldi í kví			48.000
Fiskur nr	F	H	K	Fiskilús	Fiskur nr	F	H	K	Fiskilús		
1	0	0	0	0	1	0	0	0	0		
2	0	0	0	0	2	0	0	0	0		
3	0	0	0	0	3	0	0	0	0		
4	0	0	0	0	4	0	0	0	0		
5	0	0	0	0	5	0	0	0	0		
6	0	0	0	0	6	0	0	0	0		
7	0	0	0	0	7	0	0	0	0		
8	0	0	0	0	8	0	0	0	0		
9	0	0	0	0	9	0	0	0	0		
10	0	0	0	0	10	0	0	0	0		
11	0	0	0	0	11	0	0	0	0		
12	0	0	0	0	-	-	-	-	-		
Samtals	0	0	0	0	Samtals	0	0	0	0		

Tafla 2. Athugun á lús á fiskum við Haukadalsbót úr kvíum B og HB3. Athugaðir voru 10 fiskar í kví B en 11 í HB3.

Haukadalsbót											
Kví	B	Þyngd			3000 gr	Kví	HB3	Þyngd			540 gr
Sjávarhiti	-	Fjöldi í kví			42.000	Sjávarhiti	-	Fjöldi í kví			79.000
Fiskur nr	F	H	K	Fiskilús	Fiskur nr	F	H	K	Fiskilús		
1	0	0	0	0	1	0	0	0	0		
2	0	0	0	0	2	0	0	0	0		
3	0	0	0	0	3	0	0	0	0		
4	0	0	0	0	4	0	0	0	0		
5	0	0	0	0	5	0	0	0	0		
6	0	0	0	0	6	0	0	0	0		
7	0	0	0	0	7	0	0	0	0		
8	0	0	0	0	8	0	0	0	0		
9	0	0	0	0	9	0	0	0	0		
10	0	0	0	0	10	0	0	0	0		
-	-	-	-	-	11	0	0	0	0		
Samtals	0	0	0	0	Samtals	0	0	0	0		